

22/5/2008 Tilkynning til ríkislögreglustjóra um meint brot á ákvæði 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti varðandi markaðsmisnotkun.

Þann 8. maí 2008 vísaði Fjármálaeftirlitið máli til ríkislögreglustjóra skv. 148. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.). Um er að ræða mál er varðar a – lið, 1. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. en ákvæðið fjallar um háttsemi er varðar markaðsmisnotkun. Nefnt ákvæði kveður á um að víðskipti eða tilboð sem „gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna” séu talin vera markaðsmisnotkun en slíkt er óheimilt samkvæmt greininni.

Í því tilfalli sem hér um ræðir áttu sér stað víðskipti eða tilboð um víðskipti með tiltekinn skuldabréfaflokk rétt fyrir lokun sex víðskiptadaga sem véku talsvert frá fyrirbyggjandi kauptilboðum sömu víðskiptadaga. Í hlut áttu tveir starfsmenn hjá einu fjármálafyrirtæki.

Í 7. gr. reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005 er sérstaklega lýst atvikum sem teljast til markaðsmisnotkunar en í b) lið þeirrar greinar er kveðið á um að til slíkra atvika teljist „kaup eða sala fjármálagerninga við lokun markaðar, sem er misvísandi gagnvart fjárfestum sem taka ákvarðanir á grundvelli lokaverðs.”

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til ríkislögreglustjóra.